

SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFND
UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPS
Samvinnunefnd Bláskógabyggðar, Grímsnes-og Grafningshrepps,
Hrunamannahrepps, Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps
um skipulagsmál.

FUNDARGERÐ

FUNDUR

Föstudaginn 11. júlí 2008, kl. 9 haldinn á Laugarvatni

Nefndarmenn:

Margeir Ingólfsson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Sigurður Ingi Jóhannsson

Aðalsteinn Sveinsson

Bláskógabyggð

Grímsnes-og Grafningsshr.

Hrunamannahreppur

Flóahreppur

Skipulagsfulltrúi og framkvæmdastjóri nefndarinnar:

Pétur Ingi Haraldsson

Við afgreiðslu byggingarmála var Helgi Kjartansson byggingarfulltrúi viðstaddur.

FUNDARGERÐ

Byggingamál

1. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa dags. 24. júní 2008 og 8. júlí 2008.

Samþykkt.

Grímsnes- og Grafningshreppur

2. Kiðjaberg 1, málsnr. 20080647833.

Guðleifur Sigurðsson, kt. 021247-4489, sækir um leyfi til að byggja við áður byggðan bústað á lóð nr. 1 í Kiðjabergi. Viðbygging 75,5 ferm. Stærð eftir stækkun 127,0 ferm, 346,6 rúmm.

Samþykkt

3. Kiðjaberg 16, málsnr. 20080731917.

Gerður Helgadóttir, kt. 0105482259, sækir um leyfi til að byggja bústað á lóð nr. 16 í Kiðjabergi. Stærð húss er 243,9 fm.

Hafnað þar sem mænishæð húss er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag.

4. Kiðjaberg 21, málsnr. 200807

Sólveig Steingrimsdóttir kt. 170848-2849 sækir um leyfi fyrir 47 fm viðbyggingu við bústað á lóð nr. 21 í Kiðjabergi.

Samþykkt með fyrirvara um athugasemdir byggingarfulltrúa.

5. Kiðjaberg 46, málsnr. 20080491625.

Ástþór Runólfsson, kt. 161036-4719, sækir um breytingu á bústað á lóð nr. 46 í Kiðjabergi. Stækkun er 48,5 ferm. Stærð eftir stækkun 122,7 ferm, 364,9 rúmm.

Samþykkt.

6. Kiðjaberg 67, málsnr. 20080682801.

Lára Aradóttir, kt. 2402572899, sækir um leyfi til að byggja sumarhús og geymslu á lóð nr. 67 í Kiðjabergi. Stærð bústaðs 113,7 ferm, 387,7 rúmm. Stærð geymsluhúss 29,2 ferm, 96,1 rúmm.

Samþykkt með fyrirvara um athugasemdir byggingarfulltrúa.

7. Kiðjaberg 86, málsnr. 20080723910.

Einar Sigurðsson, kt. 130363-5129, sækir um að byggja sumarhús á lóð nr. 86 í Kiðjabergi. Stærð 110,2 ferm,

Samþykkt með fyrirvara um athugasemdir byggingarfulltrúa.

8. Kiðjaberg 109, málsnr. 20080762907.

Pétur Þórarinsson, kt. 1002683379, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir sumarhúsi og aukahúsi, bílgeymslu, á lóð nr. 109 í Kiðjabergi. Stærð bústaðs 134,1 ferm, 425,1 rúmm. Stærð aukahúss 18,1 ferm, 50,1 rúmm.

Samþykkt.

9. Kiðjaberg 120, málsnr. 20080748908.

Þorvaldur Gissurarson, kt. 0508683899, sækir um leyfi fyrir sumarbústaði og aukahúsi á lóð nr. 120 við Kiðjaberg. Stærð aðal húss 343,9 ferm, 1315,1 rúmm, stærð aukahúss 40,0 ferm, 132,0.

Hafnað þar sem hluti aukahúss er utan byggingarreitar.

mm *mt* *mg*

10. **Kiðjaberg 122, málsnr. 20080772914.**
Magnús J. Magnússon, kt. 2104695089, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 122 í Kiðjabergi. Stærð 267,7 ferm, 946,7 rúmm. *Afgreiðslu frestað*
11. **Kiðjaberg 128, málsnr. 20080757913.**
Kristján Einarsson, kt. 0704693329, sækir um leyfi til að byggja sumarhús og aukahús á lóð nr. 128 í Kiðjabergi. Stærð aðalhúss 118,7 ferm, stærð aukahúss 50,0 ferm.
Hafnað þar sem aukahús er ekki í samræmi við skilmála deiliskipulags.

Bláskógarbyggð

12. **Skálabrekka lóð 170783, málsnr. 2008052789**
Jóhannes Guðmundsson kt. 011141-4399 sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarbústað í landi Skálabrekku. Stækkun er 44,1 fm og verður húsið 86,7 fm og 301,9 rúmmetrar.
Samþykkt
13. **Leynir lóð 12 – málsnr. 20080557785**
Jóhanna Björnsdóttir kt. 031051-3719 sækir um viðbyggingum við sumarbústað á lóð 12 í landi Leynis. Stækkun er 32,7 fm og verður húsið 72,3 fm.
Hafnað þar sem viðbygging fer of nálægt lóðarmörkum.

Skeiða og Gnúpverjahreppur

14. **Eystra Geldingaholt 5 – málsnr. 20080766894**
Hafdís Ólafsdóttir kt. 310356-5659 sækir um stækkun á bústað. Stækkun er 44,1 fm og verður húsið 81,4 fm, rúmmetrar 259,9 rúmmetrar.
Samþykkt

Flóahreppur

15. **Langholt III – málsnr. 20080797905**
Baldur Eiðsson kt. 050672-6039 sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir hesthús í landi Langholts 3. Stærð er 150 fm.
Afgreiðslu frestað.

Skipulagsmál

Sameiginleg mál

16. Deiliskipulag fyrir einstaka lóðir

Lagt fram til kynningar bréf Skipulagsstofnunar dags. 3. júlí 2008 þar sem athygli er vakinn á nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála varðandi gerð deiliskipulags fyrir einstaka lóðir.

Bláskógabyggð

17. Biskupstungnafréttur norðan vatna. Stofnun lands 20071198491

Lögð fram gögn sem eiga að sýna fram á afmörkun landamerkja fyrir þjóðlenduna „Biskupstungnafréttur norðan vatna“, sbr. erindi Forsætisráðuneytisins dags. 1. apríl 2008. Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. apríl 2008 var erindið samþykkt akv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda á landamerkjum. Samkvæmt framlögðum gögnum liggur þjóðlendan að öðrum þjóðlendum að sunnan en liggur að Hofsafrétti í Húnavatnshreppi að norðanverðu.

Afgreiðslu frestað, þar sem gerð er krafa um samþykki aðliggjandi landeigenda.

18. Einiholt 1 í Biskupstungum. Landsskipti, 13,9 ha spilda. 2008074904

Lagt fram lóðablað sem unnið er af Landnot ehf. dags. 24. júní 2008 yfir 13,9 ha spildu úr landi Einiholts 1 (landnr 167081).

Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda.

19. Reykjavellir í Biskupstungum. Vallarholt 20-21.

Lagt fram bréf Guðmundar Loga Lárussonar dags. 30. júní 2008, eigenda lóðarinnar Vallarholt 23 í landi Reykjavalla.

Skipulagsfulltrúa er falið að ræða við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um málið.

20. Úthlíð í Biskupstungum. Hugmyndir um uppbyggingu á lóðum við Vörðuás. 2008024577

Lögð fram eftir auglýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóða við Vörðuás í landi Úthlíðar. Tillagan var í kynningu frá 26. maí til 23. júní 2008 með athugasemdafresti til 7. júlí. Athugasemd barst.

Þá liggur fyrir ósk um að auglýstri tillögu verði breytt á þann veg að lóðir 7 og 9 verði sameinaðar í eina, auk þess sem gert er ráð fyrir að hámarksstærð húsa verði 550 fm í stað 450 fm. Hámarks nýtingarhlutfall breytist þó ekki og verður áfram 0.03.

Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og felur skipulagsfulltrúa að svara athugasemd.

Grímsnes-og Grafningshreppur

- 21. Krókur í Grafningi. Framkvæmdaleyfi fyrir námu. 20080567-755**
*Lögð fram að nýju ósk um framkvæmdaleyfi fyrir námu í landi Króks í Grafningi. Um er að ræða námu sem er afmörkuð í nýlegu deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks. Áætlað er að taka allt að 50 þús. rúmmetra úr námunni á um 1,5 ha svæði. Málið var áður á dagskrá 23. maí en þá frestað þar til umsagnir Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands lægu fyrir. Nú hafa þessar umsagnir borist og er þar ekki gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfisins.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir námuvinnslu í samræmi við ofangreint erindi. Framkvæmdaleyfisgjald er 23.262 kr.*
- 22. Nesjar í Grafningi, Símonarbrekka. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða. 20071242512**
*Lögð fram að nýju tillaga Péturs H. Jónssonar arkitekts að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða úr landi Nesja. Svæðið er liggur á milli Grafningsveggar og vesturhluta Hestvíkur og er þar gert ráð fyrir 1,7 og 2,6 ha frístundahúsalóðum þar sem heimilt verður að reisa 50 – 300 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús. Byggingarreitir eru í um 100 m frá Þingvallavatni miðað við yfirborð lands. Fyrir liggur ný greinargerð ÍSOR þar sem skilgreint hefur verið vatnstökusvæði og vatnsverndarsvæði afmarkað.
Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Leitað verður umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*
- 23. Villingavatn í Grafningi. Deiliskipulag frístundahúsalóðar 20071260515**
*Lögð fram eftir auglýsingu tillaga Arnar Baldurssonar arkitekts að deiliskipulagi frístundahúsalóðar í landi Villingavatns í Grafningi. Um er að ræða eldri lóð (nr. 31) sem stækka á úr 1.230 fm í 6.230 fm. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa frístundahús + aukahús að hámarki 189 fm, sbr. samþykktir sveitarfélagsins. Tillagan var í kynningu frá 26. maí til 23. júní 2008 með athugasemdafresti til 7. júlí. Engar athugasemdir. Nú liggja fyrir umsagnir Umhverfisstofnunar dags. 4. júlí 2008 og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 13. júní 2008.
Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er vísað til lóðarhafa.*



Hrunamannahreppur

24. Hellisholt. Landskipti, 51,5 ha spilda.

Lagt fram lóðablað í mkv. 1:5.000 unnið af Verkfræðistofu Suðurlands yfir 51,5 ha spildu úr landi Hellisholts (landnr. 166760). Spildan afmarkast af landi Hrafnkelsstaða 3 til vesturs, landi Lindarsels og Götu að sunnanverðu og Hellisholtum að austan- og norðanverðu. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi landeigenda á landamerkjum.
Afgreiðslu frestað þar sem ekki er gerð grein fyrir aðkomu að svæðinu.

333

ML [Signature]

Flóahreppur

25. **Vorsabær I / Vorsabæjarholt. Landsskipti / viðbót við land. 20080629879**
Lagt fram lóðablað yfir tvær landsspildur úr landi Vorsabæjar 1 (165516) sem fyrirhugað er að sameina land Vorsabæjarholts (165518). Annars vegar er um að ræða 6701,30 fm spildu norðan Vorsabæjarholts og hins vegar 1029,42 fm spildu sunnan við.
Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki eigenda Vorsabæjarhóls á landamerkjum og fyrirvara um lagfæringu á gögnum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið klukkan kl. 11:30


Laugarvatni 11. júlí 2008



Margeir Ingólfsson (8721)


Ingvar Grétar Ingvarsson (8719)


Sigurður Ingi Jóhannsson (8710)


Aðalsteinn Sveinsson (8722)


UPPSVEITA ÁRNESSTYÐ
SKIPULAGSFULLTRÚI Pétur Ingi Haraldsson
OG FLÓAHREPPS


UPPSVEITA ÁRNESSTYÐ
BYGGINGAFULLTRÚI Helgi Kjartansson
OG FLÓAHREPPS